

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Musica Antiqua

og

Marta Guðrún Halldórsdóttir
sópran



Þriðjudaginn 25. september 1990 kl. 20:30

Musica Antiqua var stofnað af Camillu Söderberg blokkflautuleikara, Ólöfu Sesselju Óskarsdóttur viola da gamba-leikara, Snorra Erni Snorrasyni lútuleikara og Helgu Ingólfsdóttur samballeikara árið 1981. Þremur árum síðar fór tríoíð Musica Antiqua (Camilla, Ólöf Sesselja og Snorri Örn) í tónleikaferð til Austurríkis og Svíþjóðar og hafa þau komið víða fram síðar. Efnisskráin sem flutt er í Listasafni Sigurjóns í kvöld er sú sama og þau spiluðu á tónleikaferðalagi í Finnlandi í sumar.

Camilla Söderberg lauk einleikaraprófi á blokkflautu frá Tónlistarháskólanum í Vínarborg árið 1970 þar sem hún nam hjá René Clemencic og Hans-Maria Kneih. Hún stundaði framhaldsnám hjá Jeanette van Wingerden við Scola Cantorum Basiliensis í Sviss. Camilla hefur kennt blokkflautuleik á Íslandi síðan 1980.

Ólöf Sesselja Óskarsdóttir stundaði nám í sellóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og framhaldsnám hjá Aage Kvalbein við Norges Musikkhøgskole í Osló. Hún hóf að leika á viola da gamba árið 1981 og sótti námskeið í barokktúlkun í Noregi og Austurríki hjá gambaleikurunum Laurence Dreyfus og Wieland Kuijken. Ólöf Sesselja leikur á selló í Sinfónúhljómsveit Íslands.

Snorri Örn Snorrason lærði gítarleik hjá prófessor Karli Scheit við Tónlistarháskólann í Vínarborg og lauk þaðan einleikaraprófi árið 1986. Þaðan fór hann til Sviss og nam hjá Konrad Ragossnig í Basel. Hann hóf að leika á lútu á Vínarárnum og hefur sótt einkakennslu og námskeið hjá lútuleikaranum Hopkinson Smith í Basel. Snorri Örn kennir gítarleik við tónlistarskóla FÍH og Tónlistarskólann í Reykjavík.

Marta Guðrún Halldórsdóttir hóf söngnám hjá Sieglinde Kahman árið 1984 og lauk einsöngvaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1988. Hún stundar nú nám við Tónlistarskólann í München undir leiðsögn prófessoranna Adalbert Kraus og Daphne Evangelatos. Fimmtán ára að aldri söng Marta hlutverk Silju í Litla sóttaranum eftir Benjamin Britten í Íslensku óperunni og tveimur árum síðar í Nóaflóðinu eftir sama höfund. Hún hefur síðar komið víða fram sem einsöngvari og syngur auk þess í sönghópnum Hljómeyki.

Efnisskrá

Georg Philipp Telemann (1681 - 1767)	Sónata í C-dúr Cantabile Allegro Grave Vivace
Johann Sebastian Bach (1685 - 1750)	úr Partítu í c-moll BWV. 1013 Sarabande Bourrée Anglaise
Georg Friedrich Händel (1685 - 1759)	Kantata „Allor ch'io dissi“ Recitativo Moderato Recitativo A tempo giusto
Georg Philipp Telemann	Partíta í G-dúr Siciliana Aria I Allegro Aria II Allegro Aria III Allegro Aria IV Affettuoso Aria V Presto Aria VI Tempo di Minue
Johann Sebastian Bach	Sónata í F-dúr BWV. 1035 Adagio ma non tanto Allegro Siciliano Allegro assai
Georg Friedrich Händel	Kantata „Nel dolce dell'oblio“ Recitativo Aria Recitativo Aria